LÖG

109
14. maí

um breyting á vegalögum nr. 101 19. júní 1933.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

2. gr. laganna breytist á þessa leið:

I. Á eftir A. 3 bætast nýir liðir:
   a. *Sogsvegur:* Frá Biskupstungnabraut skammt fyrir austan Sogsbrú, hjá Ljósafossi og austan við Þingvallavatn að Geysisvegi.
   b. *Grafningsvegur:* Frá Þingvallabraut nálægt Heiðarbæ, sunnan Þingvallavatns og hjá Úlfljótsvatni að Sogsvegi nálægt Ljósafossi.
   c. *Skálholtsvegur:* Frá Skeiðavegi nálægt Sandlæk yfir Hvítá hjá Iðu, um Skálholt að Biskupstungnabraut austan Brúarár.

II. Á eftir A. 13 bætast inn nýir liðir:
   a. *Grindavíkurvegur:* Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
   b. *Garðskagavegur:* Af Reykjanesbraut nálægt Sandgerði að Garðskagavita.

III. Á eftir A. 16 bætast inn nýir liðir:
   a. *Miðeyjarvegur:* Frá Suðurlandsvegi í Landeyjum vestan Ála, um Miðey, Lágafell, Skíðbakka að Affalli ofan Úlfsstaðahverfis.
   b. *Dyrhólavegur:* Frá Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal um Loftsali að Dyrhólaey.
   c. *Melatangavegur:* Frá vegamótum á Heinabergsaurum á Mýrum um Flatey til Melatanga, gegnt Hafnarkauptúni í Hornafirði.

IV. Á eftir B. 2 kemur nýr liður:
   Lundarreykjadalsvegur: Frá Götuási í Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi.

V. Á eftir B. 5 bætist nýr liður:
   Bæjarsveitarvegur: Frá Vesturlandsvegi nálægt Hesti, um Bæjarsveit, nálægt Kleppjárnsreykjum að Reykholtsdalsvegi.

VI. Á eftir B. 6 bætist nýr liður:
   Eyrarsveitarvegur: Frá Stykkishólmsvegi um Helgafellssveit og Eyrarsveit að Gröf í Grundarfirði.

VII. Á eftir B. 9 kemur nýr liður:
   Klofningsvegur: Frá Vesturlandsvegi hjá Ásgarði um Staðarfell að Skarðsstöð á Skarðsströnd.

VIII. Á undan B. 10 kemur nýr liður:
   Salthólmavíkurvegur: Frá Vesturlandsvegi í Saurbæ til verzlunarstaðarins í Salthólmavík.

IX. Á eftir B. 13 bætast nýir liðir:
   a. *Súðavíkurvegur:* Frá Vestfjarðavegi nálægt Seljalandsá í Skutulsfirði, um Arnardal til Súðavíkur.
   b. *Flateyrarvegur:* Frá Vestfjarðavegi hjá Breiðdal í Önundarfirði til Flateyrar.
   c. *Tálknafjarðarvegur:* Af Vestfjarðavegi norðan Tálknafjarðar að Sveinseyri.
   d. *Brjánslækjarvegur:* Frá Haga á Barðaströnd að Brjánslæk.

X. Á eftir C. 1 bætist nýr liður:
   Reykjaskólavegur: Frá Norðurlandsvegi hjá Reykjum í Hrútafirði að Reykjaskóla.

109 14. maí

XI. Á eftir C. 6 bætist nýr liður:
Þverárfjalls- og Gönguskarðavegur: Frá Skagastrandarvegi utan við Laxá um Norðurárdal, Þverárfjall, Laxárdal ytri, Laxárdalsheiði og Gönguskörð til Sauðárkróks.

XII. Á eftir C. 10 bætist nýr liður:
Hólavegur: Frá Hofsósvegi að Hólum í Hjaltadal.

XIII. C. 11 orðist svo:
Eyjafjarðarbraut: Frá vegamótum sunnan Akureyrar að Jórunnarstöðum, ásamt brautinni að Kristnesi.

XIV. Á eftir C. 12 bætast nýir liðir:
a. *Hjalteyrarvegur:* Frá Dalvíkurvegi hjá Skriðulandi í Arnarneshreppi til Hjalteyrar.
b. *Hörgárdalsvegur:* Frá vegamótum hjá Bægisá að Hörgárbrú í Skuggahvammi.
c. *Árskógssandsvegur:* Frá Þorvaldsdalsárbrú að Árskógssandi.
d. *Bárðardalsvegur:* Frá Fosshól austan Skjálfandafljóts að Sandvík í Bárðardal.
e. *Grenjaðarstaðarvegur:* Frá Norðurlandsvegi í Aðaldal, yfir Laxárbrýr hjá Grenjaðarstað.
f. *Hvammsheiðarvegur:* Frá Laxá hjá Brúum yfir Hvammsheiði að Hveravöllum í Reykjahverfi.

XV. Á eftir C. 15 komi nýr liður:
Axarfjarðarheiðarvegur: Frá Kópaskersvegi hjá Klifshaga um Hrauntanga, að Raufarhafnarvegi hjá Svalbarði.

XVI. Á eftir D. 10 komi nýir liðir:
a. *Skóga-* og *Fljótsdalsvegur:* Frá Austurlandsvegi hjá Úlfsstöðum á Völlum, um Skóga, Hallormsstað, Víðivelli, yfir Kelduá, um Langhús að væntanlegri brú á Jökulsá.
b. *Breiðdalsvíkurvegur:* Frá Austurlandsvegi hjá Eydölum í Breiðdal til Breiðdalsvíkur.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.

Hermann Jónasson.
Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

110 30. maí

UMFERÐARLÖG

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi og reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim, gilda um hverskonar umferð á alfaravegum og götum, svo og á einkavegum, eftir því sem við á og eftir þeirri venju, sem verið hefir.

Dómsmálaráðherra hefir yfirstjórn umferðarmála.